

Ed.

660. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um sölustofnun niðursuðuiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar fjölmargra aðila. Umsagnir hafa almennt verið jákvæðar, en fram hafa komið ýmsar ábendingar. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, en með þeim fyrirvara er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „Sölustofnun niðursuðuiðnaðarins“ í upphafi greinarinnar (og einnig í 2., 3. og 5. gr.) komi: Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.
2. Við 2. gr.
 - a. Við a-lið. Í stað orðanna „niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, og öðrum fullunnum sjávarafurðum“ komi: áðurnefndum sjávarafurðum.
 - b. Við b-lið. Liðurinn orðist svo:
annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.
 - c. Við c-lið. Í stað orðanna „hafa með höndum gæðaeftirlit“ komi: hafa í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með höndum gæðaeftirlit.
3. Við 4. gr. 2. mgr.
 - a. Aftan við málsliðinn „Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til þriggja ára í senn“ komi: og skal annar þeirra tilnefndur af fulltrúaráði, en hinn af fjármálaráðuneytinu.
 - b. Aftan við málsliðinn „Stjórnin boðar fulltrúaráð stofnunarinnar til aðalfundar hvert ár“ komi: eigi síðar en í júnimánuði.
4. Við 5. gr. a-lið. Í stað „20 milljónir króna“ komi: 25 milljónir króna.
5. Við 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum ufsaflökum, hraðfrystum og sykursöltuðum þorskrognum og salt- og kryddsild“ komi: öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum.
 - b. Í stað orðanna „til eflingar niðursuðu- og niðurlagningariðnaðinum“ komi: til eflingar lagmetisiðnaðinum.
6. Heiti frv. verði:
Frumvarp til laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Alþingi, 25. apríl 1972.

Steingrímur Hermannsson,
form.
Bjarni Guðbjörnsson.

Ragnar Arnalds,
fundaskr., frsm.
Birgir Kjaran.
Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.
Björn Fr. Björnsson.